

„Veiddu„- rím

myndir á næstu blaðsíðu

Efni:

- spöld með rími (myndir og orðið skrifað fyrir neðan). Ég gerði spjöldin í stærðinni 7x10 cm
- plöstunarávél og plast í hana
- kartonpappír sem ekki sést í gegnum (eins þykkur og plöstunarávélin þolir)
- skæri

Aðferð:

- finna rímmyndir og setja í ramma í word skjali. Ég fann 22 rím með þremur orðum þannig að spjöldin eru samtals 66.
- prenta út á kartonpappír og klippa til
- setja í plast og plöstunarávél og klippa til

Spilið:

- Spilað eins og veiðimaður. Ef við miðum við að fjórir spili þá dregur hver 5 spöld úr bunkanum og hefur á hendi. Einn spyr í einu og eru allir spurðir þannig að ef t.d. er spurt hvort einhver eigi eitthvað sem rímar við hús og einn á mús og annar lús láta þeir báðir sitt af hendi og spyrjandinn er kominn með einn bunka sem hann setur á borðið. Þegar kominn er bunki er dregið nýtt spil úr stóra bunkanum. (Þrjú rím eru af öllu) Ef enginn á það sem rímar við hús er sagt veiddu og viðkomandi dregur spil úr bunkanum. Næsti spyr þá hópinn og svona gengur spilið þar til öll rímin eru komin í bunka eða þar til spilararnir ákveða að komið sé nóg.

Ath:

- Eins og flest sem ég er að útbúa miðast það við leikskólabörn en þetta er hægt að útfæra án mynda fyrir börn sem eru orðin læs og þá er mun auðveldara að finna fleiri rím og hafa jafnvel fjögur af hverju eins og er í venjulegum spilastokk.

